

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1971, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. febrúar 1974.

Björn Jónsson.

Hallgrimur Dalberg.

4. janúar 1974.

Nr. 40.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 2 600.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 800.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 800.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 800.00
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	— 150.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 1 200.00
7. Fyrir fjármark	— 250.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 150.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 1 300.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 500.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 500.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 1 300.00
13. Fyrir dómsbirtingu	— 1 300.00
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 400.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 110.00 krónum fyrir hvern dálkssentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. mars 1974. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 99 8. mars 1973, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

6. janúar 1974.

Nr. 41.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir rafreikniþjónustu reiknistofu
Raunvísindastofnunar Háskólans.

Leigugjald fyrir rafreikni reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans greiðist sem hér segir:

Almennir viðskiptavinir	7000.00 kr. á klst.
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	6000.00 — — —
Háskóli Íslands, stofnanir hans og aðrir skólar	3000.00 — — —

Framangreind gjaldskrá er sett með skírskotun til reglugerðar nr. 255/1971, um breyting á reglugerð nr. 4/1971, um Raunvísindastofnun Háskólans, og gildir frá 1. janúar 1974 að telja, uns öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 6. janúar 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.50 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 6.50 hver kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 82.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 25.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 3.90 hver kWst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1.70 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 9.10 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 2 025.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 8.50 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt og mjólkuriðnaðar er yfir 20 kW.
 - a) Um kWst.-mæli á kr. 2.90 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir véla-lagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b) Um tvígjaldsmæli kr. 18.20 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en í klst. í senn, en kr. 2.90 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 4 570.00 fyrir hvert kW mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 1.70 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar